

Fimmtudaginn 18. febrúar 1988.

Nr. 171/1987. **Kristinn Bjarnason og
Erla Haraldsdóttir**

(Þórólfur Kristján Beck hrl.)

gegn

**Sigrúnu S. Danielsdóttur og
Ólafi Herði Sigtryggssyni**

(Kristinn Gunnarsson hrl.)

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Benedikt Blöndal og Arnljótur Björnsson prófessor.

Hinn 22. maí 1987 skutu áfrýjendur til Hæstaréttar úrskurði í innsetningarmáli, sem kveðinn hafði verið upp í fógetarétti Akra-
ness 8. s.m. Þegar mál þetta var tekið fyrir á dómþingi Hæstaréttar
til munnlegs flutnings, lýsti lögmaður áfrýjenda því yfir, að fallið
væri frá öllum kröfum í málinu. Lögmaður stefndu krafðist máls-
kostnaðar, en samþykkti að málið yrði hafið.

Mál þetta ber að hefja skv. 119. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 58.
gr. laga nr. 75/1973.

Eftir 180. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973 ber
að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæsta-
rétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 10.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjendur, Kristinn Bjarnason og Erla Haraldsdóttir, greiði
stefndu, Sigrúnu S. Danielsdóttur og Ólafi Herði Sigtryggssyni,
10.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri
aðför að lögum.